

Skipulagsfulltrúi Uppsveita
Bláskógabyggð
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

Reykjavík 17. ágúst 2017
UST201706-276/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015 - 2027

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa er barst 26. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027.

Umhverfisstofnun veitti umsögn um tillöguna á vinnslustigi dags. 8.júní 2016.

Hverfisvernd

Umhverfisstofnun tekur undir hverfisvernd ýmissa náttúruminja þ.m.t. svæði með birkiskógi og lindasvæði í Bláskógabyggð en hverfisvernduð svæði eru alls 22 talsins.

Hagavatn, Hagavatnsvirkjun

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir að endurheimta Hagavatn í þeirri mynd sem það var í fyrir 1939, í nafni uppgræðslu. Einnig kemur fram að sveitarstjórn er hlynnt byggingu Hagavatnsvirkjunar og að framkvæmdirnar myndu styrkja hvor aðra. Ofangreindar framkvæmdir eru ekki tímasettar í áætluninni enda er Hagavatnsvirkjun í biðflokki. Umhverfisstofnun bendir á að stækkun Hagavatns úr 4 km² í 23 km² er mikil breyting og bendir stofnunin á nauðsyn þess að skoðað yrði með Skipulagsstofnun hvort um matsskylda framkvæmd er að ræða.

Efnistaka

Umhverfisstofnun gerði athugasemdir við áætlun um fjölda smærri efnistökusvæða í vinnslutillögu ofangreinds aðalskipulags. Umhverfisstofnun hefur farið yfir áætlanir og skilyrði um vinnslu og frágang efnistökusvæða í greinargerð skipulagstillögunnar og gerir ekki athugasemdir við þær áætlanir. Að mati Umhverfisstofnunar minnkar hætta á samlegðaráhrifum og neikvæðum sjónrænum áhrifum af efnistöku úr mörgum litlum efnistökusvæðum ef staðið er við þau skilyrði sem fram koma í greinargerð.

Samgöngur

Í greinargerð og umhverfisskýrslu kemur fram að gert er ráð fyrir að Kjalvegur, Kaldadalsheiði og aðrir helstu hálendisvegir innan Bláskógabyggðar verði lagðir bundnu slitlagi og ár og lækir brúaðir og er markmiðið að auka líkur á öflugri vetrarferðamennsku á Kili og Langjökli. Í umsögn um ofangreinda tillögu á vinnslustigi benti Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að skoða vegagerð á hálendinu í samhengi við aðstæður á hálendinu. Með því að setja fram stefnu um að setja bundið slitlag á vegi innan eins sveitarfélags er verið að opna svæði á hálendinu sem mörg hver eru illa undir umferð búin að vori og hausti þegar mikil bleyta er í jörðu. Stofnunin bendir einnig aftur á það að nauðsynlegt er að fram fari uppbygging á innviðum viðkomandi svæða jafnhliða því að farið er í slíka vegagerð sem gjörbreytir aðkomu að hálendinu. Umhverfisstofnun hefur áður bent á að á hálendinu er ófullkomið vegakerfi og vantar allar grunnstoðir. Að mati stofnunarinnar er verið að marka stefnu sem er ótímabær, ef slík tillaga er sett einhliða í ofangreinda aðalskipulagstillögu. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að fara fram umræða um framkvæmdir á hálendi Íslands í samhengi við viðhald víðerna á hálendinu.

Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um Biskupstungnabraut.

Fráveita

Umhverfisstofnun tekur undir markmið um fráveitur. Stofnunin bendir á að mikilvægt er að tímasetja markmiðin í aðalskipulaginu.

Uppbygging ferðamannastaða


Umhverfisstofnun tekur undir áherslu Skipulagsstofnunar varðandi skilgreiningu á ferðapjónustusvæði á afrétti (Árbúðir) sé skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði. Stofnunin bendir á að þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi falla undir lið 12.05 og er framkvæmd í flokki B sem er framkvæmd sem er tilkynningaskyld þar sem hún kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfissáhrif.


Stakar framkvæmdir

Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um undirbúning stakra framkvæmda. Stakar framkvæmdir geta vegna staðsetningar og sjónrænna áhrifa haft veruleg áhrif á náttúru eða minjar. Umhverfisstofnun telur áætlað fyrirkomulag um að ætíð skuli lagt mat á áhrif slíkra mannvirkja og að framkvæmdaraðili leggi fram skipulag fyrirhugaðra framkvæmda nauðsynlegt.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur